



Dalapósturinn

5. tölublað, 5. árgangur

7. maí 2012

Umhverfisdagur 10. maí

Skátafélagið Stígandi stendur fyrir árlegri bæjarhreinsun í Búðardal, fimmtudaginn 10. maí. Mæting er við Dalabúð kl. 15.

Mælt er með að fólk mæti í vinnufötum og með hanska. Að lokinni hreinsuninni verður grillveisla.

Í sumar verður bæjarhátíð í Búðardal 6.-8. júlí og tilvalið að hefja undirbúninginn með þátttöku í hreinsunardeginum.

Íbúar og fyrirtæki eru hvött til að taka þátt í hreinsuninni með skátunum. Tilvalið er að nota tækifærið og taka til á lóðinni, garðinum, gangstéttum (þ.m.t. runnaafklippur), götunni eða næsta nágrenni.

Í tilefni hreinsunardagsins verður opnunartími endurvinnslunnar við Vesturbraut lengdur þennan dag og verður opið kl. 15-22. Ættu þannig flestir að geta losað sig við ruslið samdægurs.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 11. júní til 31. júlí. Hann er fyrir unglunga fædda árin 1996-1999. Dag legur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012.

Tímabundin störf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur

Vinumálastofnun hefur samþykkt umsókn Dalabyggðar um tímabundin störf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur en um er að ræða tvö störf í tvo mánuði, júní og júlí.

Verkefnin geta verið af ýmsum toga eftir áhugasviði umsækjenda svo sem umhverfisverkefni eða verkefni tengd menningar- og ferðamálum

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar. Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri. Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012

Hjúkrunarforstjóri

Starf hjúkrunarforstjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal er laust til umsóknar.

Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í hjúkrunarfræði, nám og/eða reynsla í stjórnun er kostur. Ráðið verður í starfið frá 1. september 2012. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið sveitarstjori@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal. Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri í síma 430 4700.

Grunnskólakennari

Við grunnskóladeild Auðarskóla í Búðardal eru lausar stöður grunnskólakennara frá og með næsta skólaári.

Meðal kennslugreina eru smíði, enska og almenn bekkjarkennsla. Umsóknarfrestur er til 26. maí. Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á www.audarskoli.is.

Leikskólakennari

Við leikskóladeild Auðarskóla eru lausar stöður leikskólakennara frá og með 1. ágúst næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 26. maí. Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 434 1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um leikskólann er að finna á www.audarskoli.is.

Átak í söfnun skjala ípróttafélaga

Nú stendur yfir átak Íprótta- og Ólympíusambands Íslands og Félags héraðsskjalavarða á Íslandi í söfnun skjala ípróttafélaga. Tilgangurinn með átakinu er að tryggja örugga varðveislu og aðgengi skjalasafna ípróttafélaga í heimabyggð.

Með skjölum er átt við fundagerðabækur, sendibréf, tölvupóst, ljósmyndir, félagaskrár, mótaskrár, ársskýrslur, kynningarefni og annað það sem rekur sögu og starfsemi félaganna.

Mörg þessara skjalasafna eru varðveitt við misjafnar aðstæður og oft á tíðum í heimahúsum þar sem aðgengi að þeim er takmarkað. Þegar skjölin eru komin á skjalasafn er hægt að hafa þau að hluta eða í heild aðgengileg almenningi og félögin geta fengið þau lánuð út, til dæmis fyrir sýningar.

Stjórnnum ípróttafélaga á starfsvæði Héraðsskjalasafns Dalasýslu hefur verið sent bréf til kynningar á verkefninu. Auk þess eru allir þeir sem hafa skjöl tengd félögunum undir höndum hvattir til að koma þeim til stjórna þeirra eða Héraðsskjalasafns Dalasýslu.

Flest ípróttafélög í héraðinu hafa skilað einhverju af skjölum, en hægt er að hafa samband við héraðsskjalavörð með fyrirspurnir þar að lútandi.

Skráð ípróttafélög og héraðssambönd í Dalabyggð eru Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga, Umf. Æskan, Umf. Ólafur pái, Umf. Dögun, Umf. Stjarnan, Hestamannafélagið Glaður og Glímufélag Dalamanna.

Ípróttafélög í Dalabyggð sem ekki eru lengur skráð hjá ÍSÍ eru Umf. Þróstur á Skógarströnd, Sundfélag Hörðudals, Umf. Unnur djúpúðga í Hvammssveit, Umf. Von í Klofningi og Umf. Tilraun/Vaka á Skarðsströnd.

Ábendingar um fleiri félög sem starfa eða hafa starfað í sveitarfélaginu eru vel þegnar.

Svona gerum við ekki

Óhaminn ökumaður freistaðist til að reyna ökutæki sitt í leirbarðinu við Ægisbraut og Búðarbraut fyrir nokkru.

Þetta er að sjálfsögðu með öllu óheimilt og ólíðandi og þess vænst að ökumenn sýni eðlilegan þroska og beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

Myndir af vegsummerkjum ökuferðarinnar má sjá á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalir.is.

Fimmfaldur sveitarstjórnarfundur

Sveitarstjórn Dalabyggðar þáði nýverið boð Ingibjargar Valgeirsdóttur sveitarstjóra Strandabyggðar um að koma til fundar við sveitarstjórn Strandabyggðar ásamt sveitarstjórnnum Reykhólahrepps, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps.

Fundurinn var haldinn að kvöldi mánudagsins 20. apríl í Hnyðju, nýjum fundarsal og móttöku Strandabyggðar á neðstu hæð Þróunarsetursins á Hólmavík.

Tilgangur fundarins var að ræða möguleika á aukinni samvinnu þessara sveitarfélaga ásamt sameiginlegum hagsmunamálum, m.a. starfsemi og þjónustu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, áformaða fækkun sýslumannsembættis, löggæslumál og fyrirhugaða stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík. Strandabyggð hefur sent inn umsókn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík sem gert er ráð fyrir að hefji starfsemi haustið 2013.

Sveitarstjórn Dalabyggðar þakkar Strandabyggð boðið, en fundurinn var vel sóttur og áttu fundarmenn góðar samræður og voru sammála um að vinna að því að efla samstarf milli þessara sveitarfélaga.

Garðland

Garðland fyrir grænmetisræktun hefur verið undirbúið í Búðardal. Er það í námunda við vatnstankinn. Íbúum Dalabyggðar er frjálst að helga sér reit á svæðinu til afnota sumarlangt endurgjaldlaust, en eru beðnir að gæta hófs varðandi stærð þannig að sem flestir áhugasamir geti nýtt sér svæðið.

Garðaúrgangur

Íbúum er vinsamlega bent á að móttaka garðaúrgangs er í endurvinnslustöðinni við Vesturbraut á opnunartímum hennar. Gras og trjáafklippur er flokkað í hvorn sinn gáminn og plastumbúðir eiga ekki að fylgja.

Þar til annað verður ákveðið er einnig hægt að fara með gras og trjáafklippur á gamla gámasvæðið við Vesturbraut. Íbúar eru vinsamlega beðnir um að setja gras og trjáafklippur í sitt hvorn hauginn án umbúða, þannig að unnt verði að nýta úrganginn til uppgræðslu eða annað nýtsamlegt.

Endurvinnslustöðin er opin þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15-18 og laugardaga kl. 11-14.

Sjálfböðavinnuverkefni

Sveitarstjórn hefur samþykkt reglur um styrki til sjálfböðavinnuverkefna. Reglurnar og umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar.

Til ráðstöfunar eru allt að 1,5 m. kr. á árinu 2012. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í næsta nágrenni sínu.

Reglur um styrki til sjálfboðavinnuverkefna

1. gr.

Sveitarstjórn ákveður í fjárhagsáætlun hvers árs framlag til sjálfboðavinnuverkefna. Auglýst er eftir umsóknum um framlög til verkefna í maí mánuði ár hvert.

2. gr.

Heimilt er að veita framlög til efniskaupa og vélavinnu.

Sækja skal um framlag til sjálfboðavinnuverkefna á eyðublöðum sem eru aðgengileg á vef Dalabyggðar og á skrifstofu.

Byggðarráð afgreiðir umsóknir.

Forsvarsmaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

3. gr.

Skilyrði fyrir framlögum

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru:

- Umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð.
- Umsækjandi sé ekki í vanskilum við Dalabyggð.
- Umsókn fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun.

4. gr.

Skilyrði fyrir greiðslum.

- Verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn.
- Greiðslur verða aldrei hærrí en framlögð áætlun.
- Greiðslur renna að jafnaði ekki til þess aðila sem að framkvæmdinni stendur heldur til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru- eða þjónustukaupa.
- Reikningar skulu samþykktir af forsvarsmanni verkefnis áður en þeir berast sveitarfélaginu.

Skrifstofa Dalabyggðar lokuð 11. maí

Vegna námsferðar starfsmanna sveitarfélagsins verður skrifstofa Dalabyggðar lokuð föstudaginn 11. maí. Þeim sem þurfa að skila einhverju á skrifstofu utan opnunartíma, er bent á póstkassa í anddyri stjórnsýsluhússins.

Sælingsdalslaug maí

Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga verður opið kl. 17-20. Auk þess er opið fyrir eldri borgara á fimmtudögum kl. 16-17.

Opnunartímar um helgar verða ákveðnir með styttri fyrirvara og auglýstir sérstaklega á heimasíðu Ungmenna- og tómsbundabúðanna (www.ungmennabudir.is) og atburðadagatali Dalabyggðar.

Refa- og minkaveiðar

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samþykkt nýjar reglur um refa- og minkaveiðar sem finna má á www.dalir.is.

Einungis ráðnum veiðimönnum verður greitt fyrir veiðarnar og einungis fyrir veiðar á grenjatímabilinu 1. maí – 31. júlí 2012.

Hundahald

Að gefnu tilefni er minnt á að hundahald í Búðardal er háð takmörkunum sbr. samþykkt um hundahald í Dalabyggð nr. 296/2003. Meðal annars skulu eigendur undantekningarlaust skrá hunda sína á skrifstofu sveitarfélagsins. Árlegt gjald er kr. 8.000,- og eindagi þess er 1. júlí.